


Fljótsdalshérað
Lyngási 12
700 Egilsstaðir



Reykjavík 24. ágúst 2017
UST201707-013/K.S.J.
10.04.02


**Efni: Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028, tillaga að breytingu í landi
Davíðsstaða**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs er barst 3. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 í landi Davíðsstaða í Eiðaþinghá.

Í ofangreindri lýsingu kemur fram að áætlað er að breyta landnotkun í aðalskipulagi á 300 ha svæði í landi Davíðsstaða. Í núgildandi aðalskipulagi er skipulögð frístundabyggð á alls 300 ha svæði með alls 89 lóðum. Tillaga að breytingu felur í sér að frístundabyggð verði áfram áætluð á 7 ha svæði með 15 lóðum og 52 ha fari undir nytjaskógrækt, en landið að öðru leyti nýtt sem landbúnaðarland.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og að mati stofnunarinnar er í henni gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur